

REGLUR

um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um störf ráðgefandi hæfnisnefnda sem skipaðar eru samkvæmt 6. og 7. mgr. 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.

Tilgangur reglnanna er að styrkja faglegan grundvöll að skipun í embættin og stuðla að því að val á seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem jafnræði og gagnsæi eru höfð að leiðarljósi.

2. gr.

Sérstakt hæfi nefndarmanna.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnisýslulaga.

Áður en nefndarmaður er skipaður í hæfnisnefnd skal hann meta hæfi sitt m.a. með hliðsjón af því hverjir eru umsækjendur um embættið.

Þegar hlutaðeigandi ráðherra skv. 6. og 7. mgr. 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, hefur skipað hæfnisnefnd skal hæfnisnefnd gefa umsækjendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við hæfi nefndarmanna. Komi fram athugasemdir við hæfi nefndarmanns taka aðrir meðlimir nefndarinnar afstöðu til hæfis viðkomandi.

Hæfnisnefnd tilkynnir umsækjendum um niðurstöðu um hæfi nefndarmanns með rökstuðningi í stuttu máli. Reynist nefndarmaður í hæfnisnefnd vanhæfur til setu í nefndinni skal hlutaðeigandi ráðherra, sbr. 6. og 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, skipa nýjan í hans stað, að fenginni nýrri tilnefningu ef við á og svo fljótt sem kostur er.

3. gr.

Verkefni hæfnisnefndar.

Starf hæfnisnefndar skal miða að því að leiða í ljós með gagnsæjum hætti hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til að hljóta viðkomandi embætti með því að leggja heildstætt mat á hæfni umsækjenda. Hæfnisnefnd skal í hvívetna gæta samræmis gagnvart umsækjendum þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Hæfnisnefnd skal vera sjálfstæð í störfum sínum að öðru leyti en því er greinir í 2. og 3. mgr. um staðfestingu hlutaðeigandi ráðherra á áætlun um ráðningarferli.

Við upphaf starfs hæfnisnefndar skal hlutaðeigandi ráðherra, að fenginni tillögu nefndarinnar, gera áætlun um ráðningarferli. Til grundvallar slíkrri áætlun eru þeir hæfnisþættir sem leiða má af auglýsingu um embættið, þeim reglum sem um það gilda og öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Í áætlun skal meðal annars koma fram til hvaða atriða hæfnisnefnd lítur við mat á einstökum þáttum. Þá skal tilgreint til viðmiðunar innbyrðis vægi mismunandi hæfnisþátta. Jafnframt skal koma fram í áætluninni hvaða aðferðafræði eigi að beita við mat á umsækjendum að öðru leyti, t.d. hvort leggja eigi fyrir skrifleg verkefni af tilteknu tagi, og hvert skuli vera fyrirkomulag viðtala umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. Loks skal í áætluninni kveða á um hvaða frest nefndin hafi til að ljúka verkefni sínu.

Telji nefndin nauðsynlegt síðar í ráðningarferlinu að bæta við matsþáttum eða fella þá út, ellegar breyta vægi einstakra matsþátta, skal hún afla samþykkis hlutaðeigandi ráðherra.

4. gr.

Nánar um málsmeðferð.

Hæfnisnefnd fer yfir og metur umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferli, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Hæfnisnefnd getur boðað umsækjendur í viðtal og krafði þá um viðbótargögn ef hún telur það nauðsynlegt vegna hæfnismatsins. Hæfnisnefnd getur jafnframt aflað gagna og upplýsinga um starfs-

feril umsækjanda hjá fyrri vinnuveitanda hans og öðrum sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Umsækjanda skal gefinn kostur á að tjá sig um upplýsingar sem hæfnisnefnd aflar frá þriðja aðila, ef þær eru umsækjanda í óhag, áður en nefndin veitir umsögn um hæfni hans.

Hæfnisnefnd skal gæta þess að skrá niður upplýsingar, sem veittar hafa verið munnlega, þ. á m. meginatriði þess sem fram kemur í viðtölum við umsækjendur og umsagnaraðila, eða nefndin fær vitneskju um með öðrum hætti, ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

Í því skyni að stuðla að jafnræði milli umsækjenda er hæfnisnefnd rétt að styðjast við staðlaðan spurningalista í viðtölum. Nefndarmenn skulu hver í sínu lagi meta umsækjendur áður en þeir bera saman bækur sínar.

5. gr.

Greinargerð hæfnisnefndar.

Hæfnisnefnd skal skila greinargerð um störf sín til þess ráðherra sem fer með málefni Seðlabanka Íslands og jafnframt, ef um er að ræða skipun í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, til þess ráðherra sem fer með efnahagsmál og málefni fjármála-markaðar.

Í greinargerð hæfnisnefndar skal í stuttu máli rekja málsmeðferð nefndarinnar og vinnubrögð, þar á meðal hvernig samskiptum nefndar við ráðuneyti, umsækjendur og umsagnaraðila hefur verið háttað.

Hæfnisnefnd skal í greinargerðinni veita rökstudda umsögn um hæfni hvers umsækjanda fyrir sig auk rökstudds álits á því hverja nefndin telur hæfasta meðal umsækjenda sem hvort tveggja byggist á heildstæðu mati miðað við þau sjónarmið sem leggja ber til grundvallar við skipun í embættið, sbr. 3. gr. Skulu umsækjendur í þessu skyni flokkaðir í eftirfarandi fjóra flokka eftir hæfni samkvæmt mati nefndarinnar:

1. Mjög vel hæfur.
2. Vel hæfur.
3. Hæfur.
4. Ekki hæfur.

Nefndarmönnum er heimilt að skila séráliti um hæfni umsækjanda ef ekki næst samkomulag um sameiginlega umsögn nefndarmanna.

6. gr.

Andmælaréttur umsækjenda.

Hæfnisnefnd skal senda umsækjendum drög að endanlegri greinargerð nefndarinnar þegar hún liggur fyrir og gefa þeim hæfilegan frest til að koma á framfæri athugasemdum við mat hæfnisnefndar á hæfni þeirra til að gegna viðkomandi embætti. Berist hæfnisnefnd athugasemdir skal hún taka greinargerðina til endurskoðunar og gera breytingar á henni ef hún telur tilefni til.

Endanleg greinargerð hæfnisnefndar, ásamt andmælum og athugasemdum umsækjenda og öðrum gögnum sem orðið hafa til í starfi hæfnisnefndar, skal send til þess ráðherra sem fer með málefni Seðlabanka Íslands og jafnframt, ef um er að ræða skipun í embætti varaseðlabankastjóra fjármála-stöðugleika og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, til þess ráðherra sem fer með efnahagsmál og málefni fjármála-markaðar.

7. gr.

Birting greinargerðar hæfnisnefndar.

Ráðherra sem fer með málefni Seðlabanka Íslands skal birta endanlega greinargerð hæfnisnefndar, að því marki sem lög leyfa, um leið og hann birtir ákvörðun sína um skipun í embættið.

8. gr.

Þóknun nefndarmanna og annar kostnaður.

Nefndarmönnum í hæfnisnefnd skal greidd þóknun fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun þess ráðherra sem skipar hæfnisnefnd hverju sinni. Hlutaðeigandi ráðherra sér nefndinni jafnframt fyrir starfsaðstöðu ef þörf krefur og greiðir annan kostnað af störfum hennar.

9. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 8. mgr. 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 977/2019 um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.

Forsætisráðuneytinu, 17. september 2024.

Bjarni Benediktsson.

Benedikt Árnason.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2024